

## Félag sumarhúsaeigenda í Úthlíð

# Umgengnisreglur

### 1. Almenn

Félagsmenn og gestir þeirra skulu gæta þess að ganga vel um á svæðinu. Brýna skal góða umgengni fyrir börnum. Íbúar og gestir þeirra skulu ekki skilja eftir rusl á víðavangi og ekki valda spjöllum á gróðri. Vernda skal fuglalíf. Ennfremur skal forðast að valda öðrum íbúum ónæði með hávaða. Útilýsingu skal stillt í hóf þannig að hún trufla ekki nágranna sem vilja njóta útsýnis til himintungla eftir að skyggja tekur.

### 2. Akstur torfærutækja

Ökumenn og umráðamenn torfærutækja, s.s. fjórhjóra, sexhjóra, snjósleða og mótorkrosshjóra skulu fara um svæðið með tillitssemi við aðra íbúa og eignir þeirra auk þess að virða hraðatakmarkanir.

### 3. Meðferð elds

Meðferð opins elds svo og meðferð flugelda er óheimil á svæðinu. Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og öryggis við meðferð elds á svæðinu. Mælt er til þess að félagsmenn kynni sér efni vefsíðunnar [www.grodeildar.is](http://www.grodeildar.is) en þar er að finna gagnlegar upplýsingar um brunavarnir og forvarnir.

### 4. Sorp

Sorpgámar á vegum ferðapjónustu Úthlíðar eru einvörðungu ætlaðir fyrir heimilissorp. Félagsmönnum og gestum þeirra er óheimilt að setja annað sorp í gámana eða skilja eftir fyrir utan þá.

### 5. Fjarstýrð loftför (drónar)

Heimildir til flugs dróna eru samkvæmt reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara. Stjórnendum dróna er bent á að kynna sér reglur um notkun þeirra á vef Samgöngustofu sbr. <https://www.samgongustofa.is/flug/fjarstyrd-loftfor-dronar/>.

Þó skal athuga að tilmæli eru um að ekki sé flogið nær byggingum en 50 metra, nema með leyfi umráðanda, ekki sé flogið yfir mannfjölda og tryggja skal að notkun dróna valdi ekki óþarfa ónæði, skaði fólk eða dýr eða valdi tjóni á eignum.

Um heimildir til flugs í grennd við íbúðarhúsnæði eða annars staðar þar sem fólk dvelst og á athafnasvæðum gilda almennar reglur um vernd eignarréttar, friðhelgi einkalífs og persónuverndar.

### 6. Gróður

Félagsmenn skulu huga að gróðri á lóðum sínum með tilliti til brunahættu og að gróður takmarki ekki útsýni annarra íbúa.